

Nefndasvið Alþingis
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 10. október 2018


Efni: Umsögn um frumvarp til laga um ýmsar aðgerðir í samræmi við forsendur fjárlaga fyrir árið 2019 (2. mál)

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis sendi hinn 21. september sl. Félagi atvinnurekenda (FA) beiðni um umsögn um frumvarp til laga um ýmsar aðgerðir í samræmi við forsendur fjárlaga fyrir árið 2019 (tekjuskattur einstaklinga, persónuafsláttur, barnabætur, vaxtabætur, tryggingagjald), 2. Mál, á þingskjali 2.

FA fagnar sérstaklega áformum frumvarpsins um lækkun á tryggingagjaldi fyrirtækja í tveimur áföngum árin 2019 og 2020. Félagið telur að of hægt hafi verið farið í lækkun tryggingagjaldsins, sem var hækkað mikið vegna aukins atvinnuleysis eftir hrún.

Félagið getur tekið undir allt það sem fram kemur í greinargerð frumvarpsins um að tryggingagjaldið sé íþyngjandi, ekki sízt fyrir minni og meðalstór fyrirtæki, að forsendurnar fyrir álagningu svo hás gjalds séu brostnar vegna minnkandi atvinnuleysi, og að það skekki samkeppnisstöðu íslenzkra fyrirtækja við erlend. Í því ljósi kemur hins vegar á óvart að ekki sé farið hraðar í lækkun gjaldsins.

Eins og sést á neðangreindri mynd mun, þrátt fyrir að ákvæði frumvarpsins nái fram að ganga, vanta verulega upp á að tryggingagjaldið verði sama hlutfall af launagreiðslum og það var fyrir bankahrunið.




Í greinargerð frumvarpsins kemur fram að lækkun tryggingagjaldsins ætti að skapa fyrirtækjum aukið svigrúm í komandi kjarasamningum og liðka fyrir samningaviðræðum. Í greinargerð fjárlagafrumvarps fyrir árið 2019 kemur ennfremur fram að lækkuninni sé ætlað að „stuðla að jafnvægi á vinnumarkaði og að launahækkanir á næsta ári leiði síður til verðbólgu.“

Það er mat Félags atvinnurekenda að eigi lækkunin að þjóna þessum tilgangi þurfi hún að vera mun meiri en ákvæði frumvarpsins gera ráð fyrir. Eðlilegast er að miða við að þessi skattheimta verði ekki meiri en hún var fyrir bankahrunið, þegar atvinnustig var sambærilegt og nú.

FA áskilur sér rétt til að koma frekari athugasemdum við frumvarpið á framfæri á síðari stigum. Félagið lýsir sig jafnframt reiðubúið að funda um efnið, sé þess óskað.

Virðingarfyllst,



Félag atvinnurekenda
Ólafur Stephensen framkvæmdastjóri